

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 78
gjafir til bændakirkna. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 10. maí 16. f. m., og fyrirspurn umboðsmanns Bjarnanessumboðs um það, hvort honum beri fyrir hönd Bjarnaneskirkju að gjöra tilkall til ljósahjálms og kaleiks, er Hoffellskirkju hafi gefið verið af einstökum mönnum, þegar kirkjan var síðast reist, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að slíkar gjafir, sem gefnar eru með þeim tilgangi, að vera til skrauts eða áhalda í kirkju, ekki geta álitizt gefnar til að auðga kirkjuhaldarann persónulega, þá verða þessir munir að sjálfsögðu að tylgja öðrum ornamentis og instrumentis Hoffellskirkju, sem samkvæmt brjefi mínu 31. jan. f. á. eiga að falla til Bjarnaneskirkju, og ber umboðsmanni því að krefja munanna til handa kirkjunni.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi umboðsmanni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 79
flutning á þingstað. (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaður 10. maí Fljótshlíðarhrepps í Rangárvallasýslu væri fluttur frá Kirkjulæk að Teigi, með venjulegu skilyrði viðvíkjandi þinghúsi.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskiveiðar útlendinga — 80
 Sökum þess, að utanríkisráðaneytið hafði beðið ráðaneytið fyrir Ísland að leið. 14. maí beina sjer til að svara ýmsum fyrirspurnum frá fiskiveiðafjelögum og ábyrgðarfjelögum í Hull, Grimsby og Boston til yfirkonsúlsins í Hull um það, hverjum gildandi lagafyrirmælum brezkir fiskimenn verði að hlýta, er þeir reki fiskiveiðar við Ísland, hefur ráðaneytið í dag ritað utanríkisráðaneytinu, að gildandi lagaákvæði viðvíkjandi fiskiveiðum útlendinga við Ísland sje að finna í tilskipun 12. febr. 1872, lögum um breyting á nefndri tilskipun 17. desbr. 1875 og lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 10. nóv. 1894, er kveða miklu harðara á um svo kallaða botnverplinga (»Trawlara») heldur en aðra fiskimenn, sumpart með tilliti til hegningarinnar, sem er miklum mun þyngri heldur en fyrir aðra ólöglega veiði, sumpart að því leyti, að það er yfir höfuð bannað, að viðlagðri hegningu, að fiskiskip, er hafa botnvörpur innanborðs, dvelji í landhelgi eða fari um landhelgisviðið, nema að eins til að leita hafnar í neyð. Af þessu leiðir meðal annars, að botnverplingar eiga ekki þann kost á því, að leggja upp á vissum höfnum þá hluti, er þeir hafa til atvinnu sinnar og þeim þykir ekki ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, sem aðrir útlendir fiskimenn eiga með sjerstökum skilyrðum, samkvæmt 4. gr. í tilsk. 12. febrúar 1872.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 81
breytingu á hreppsheit. (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að Áshrepp- 15. maí